

## GJALDSKRÁ

**fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu  
og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.**

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, ásamt síðari breytingum og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

1. gr.

*Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til bæjarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

*Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,205% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

*Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

*Aukavatnsgjald.*

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

Aukavatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>
Fyrstu 150.000 m <sup>3</sup>	41,4

Þegar notkun einstakra lögaðila fer yfir 150.000 m<sup>3</sup> á ári verða gerðir sérsamningar um verð fyrir umframmagn.

5. gr.

*Mælaleiga.*

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	8.400 kr.
20-24 mm	11.834 kr.
25-31 mm	14.889 kr.
32-39 mm	17.787 kr.
40-49 mm	23.793 kr.
50-74 mm	71.495 kr.
75-99 mm	77.469 kr.
100 mm og stærri	83.454 kr.

## 6. gr.

*Heimæðargjald.*

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	319.835 kr.	6.842 kr./m
40 mm	415.314 kr.	7.797 kr./m
50 mm	560.114 kr.	8.753 kr./m
63 mm	786.067 kr.	10.819 kr./m
75 mm	1.099.531 kr.	15.111 kr./m
90 mm	1.330.063 kr.	23.862 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi.

## 7. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti framfar hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 1207/2013.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 11. desember 2014.*

**Gísli Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2014